## Lausar stöður við Bláskógaskóla Laugarvatni

Hefur þú áhuga á að koma að kennslu í litlum samreknum leik- og grunnskóla skóla úti á landi? Við erum staðsett um klukkustund frá höfuðborgarsvæðinu og það er hálftíma keyrsla á Selfoss. Nemendur í skólanum eru 71 á leik- og grunnskólastigi. Það eru nokkrar áhugaverðar stöður í boði og ef þú hefur áhuga þá endilega sendu okkur línu eða hafðu samband símleiðis:

- Deildarstjóri á leikskóla
- Leikskólakennari 100% staða
- Handavinnukennari á grunnskólastigi (hlutastarf)
- Dönskukennsla á grunnskólastigi (hlutastarf)
- Stuðningsfulltrúi á grunnskólastigi
- Aðstoð í eldhúsi leikskóla 40 %

Hér í skólanum er starfið í stöðugri þróun og hefur skólinn markað sér sérstöðu í útikennslu. Þar sem skólinn er samrekinn leik- og grunnskóli hefur samfellan á milli skólastiga verið góð og markviss. Stuðst er við fjölbreytta kennsluhætti og lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám.

Skólinn er nú að endurvekja grænfánastefnu sína. Kennarar vinna í margskonar teymum á sama skólastigi og einnig þvert á skólastig og leggjum við ríka áherslu á góða samvinnu allra sem að skólasamfélaginu koma.



**Hæfniskröfur:**

- Kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og áhugi fyrir margbreytilegu starfi
- Lausnamiðun í starfi er mikilvægur eiginleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð færni á öll helstu tölvuforrit sem tengjast skólastarfinu er mikilvæg
- Gleði og samstarfsvilji skipta miklu máli þegar horft er til starfshátta.

Umsóknarfrestur er til 15. des. 2016.

Störfin henta jafnt körlum sem konum.

Ef ekki fæst kennari með kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi verður litið til reynslu og meðmæla úr fyrri starfi/störfum.

Nánari upplýsingar veitir Elfa Birkisdóttir skólastjóri í síma: 480-3030 eða í gegnum tölvupóst elfa@blaskogaskoli.is